

Starfsþróunarsjóður Félags háskólakennara á Akureyri (SFHA)

Starfsreglur stjórnar

1. Stjórn sjóðsins er heimilt að móta starfsreglur samkvæmt bókun 4 í kjarasamningi félagsins annars vegar og fjármálaráðherra hins vegar, dags. 16. nóvember 2015. Við mótun þeirra skal tekið mið af annars vegar markmiðum SFHA eins og þau koma fyrir í 1. mgr. 3. gr. samþykktta sjóðsins og hins vegar þeirri reynslu sem verður til við rekstur sjóðsins.
2. Stjórnin skal ákvarða verkaskiptingu milli hennar og framkvæmdastjóra sjóðsins. Í því felst m.a. að skilgreina með hvaða hætti framkvæmdastjóra er ætlað að miðla upplýsingum um daglega framkvæmd og rekstur til stjórnar og hvaða heimildir hann hefur til að skuldbinda sjóðinn.
3. Stjórn skal ákvarða með hvaða hætti tekjur sjóðsins skulu ávaxtaðar.
4. Stjórn skal ákvarða þóknun til stjórnarmanna.
5. Stjórnin skal samþykkja fjárhags- og starfsáætlun, sem tilgreinir áherslur næsta árs eigi síðar en 1. desember ár hvert.
6. Við framsetningu fjárhags- og starfsáætlunar skal stjórn taka afstöðu hverju sinni til þeirra hlutfalla sem skulu ráða við ráðstöfun tekna sjóðsins gagnvart þeim sem rétt eiga til styrkumsókna, en þeir eru:
 - i. Félagsmenn Félags Háskólakennara á Akureyri
 - ii. Háskólinn á Akureyri og tengdar stofnanir

Stjórninni er heimilt að setja allt að 50% vikmörk á þau hlutföll sem ákveðin eru hverju sinni.

7. Stjórn skal fara yfir fjárhags- og starfsáætlunina reglulega og taka afstöðu til þess hvort halda skuli vikmörkum óbreyttum eða hvort nýta skuli þau og þá hvernig þeim verði breytt.
8. Stjórnin skal setja fram og kynna opinberlega þau viðmið sem beita skal við mat á umsóknum og með hvaða hætti setja skuli fram umsóknir um styrk frá SFHA.
9. Stjórn fundar reglulega og heldur fundargerðabók þar sem skráðar eru samþykktir hennar. Stjórn ákveður hvort greidd sé þóknun fyrir fundarsetu.

Akureyri, 12. desember 2017

Gudmundur Kr. Ósklavsson

Sigrún Lóa Kristjánsdóttir
Sædi Gunnar

Andbjörg Björnsdóttir

Þessar reglur voru upphaflega samþykktar 2. desember 2016. Hinn 12. desember 2017 var 6. 7. og 9. gr. breytt í núverandi horf